



Janúar 2021

HVATARBLAÐIÐ

Jólasmasaga

Einu sinni voru Grýla og Leppalúði.
Þau elskuðu að baka.
Jólasveinarnir fóru að gefa krökkunum í skóinn.
Tíu krakkar fengu kartöflur.
Endir



„Hér má sjá Grýlu verða að steini í sólinni. Jólasveininum líður vel í sólinni.“

Höfundar: Linda Björk Smáradóttir og Óliver Darri Vilhjálmsson,
nemendur í 1. bekk Kerhólsskóla.

**Vegna fjöldatakmarkanna á samkomum í
þjóðfélaginu er búið að aflýsa
Þorablóti Hvatar þetta árið.
Hittumst tvíefld á næsta ári.**



495. fundur Sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps 2. desember kl. 13:00 - 19:15 Stjórnsýsluhúsinu Borg

Sveitarstjórn

Ása Valdís Árnadóttir
Björn Kristinn Pálmarsson
Smári Bergmann Kolbeinsson
Ingibjörg Harðardóttir
Bjarni Þorkelsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

Oddviti leitar afbrigða.

Samþykkt samhljóða

a) Brennu- og skoteldaleyfi.

1. Fundargerðir

a) Fundargerð 36. fundar æskulýðs- og menningarmálanefndar,
6. október 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð 16. fundar umhverfisnefndar, 16. nóvember 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) Fundargerð 21. fundar samgöngunefndar, 25. nóvember 2020.

Mál nr. 1, 2 og 3 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 21. fundargerð samgöngunefndar, dagsett 25. nóvember
2020. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar.

Mál nr. 1: Styrkir til veghalds í frístundahúsabyggðum.

Farið var yfir fyrirkomulag vegstyrkja til frístundahúsabyggða og rætt um
nýja útfærslu á þeim. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að

fyrirkomulaginu verði breytt samkvæmt fylgiskjali nr. 1. Helstu breytingarnar sem nýja fyrirkomulagið felur í sér eru þær að í stað fyrirfram styrkveitinga vegna viðhalds á vegum verða styrkir veittir til veghalds í víðari skilningi en áður hefur verið gert, ásamt því að styrkir verða veittir vegna framkvæmda sem þegar hafa átt sér stað. Lagt er til að sveitarfélagið hætti að sinna snjómokstri í frístundahúsabyggðum um páska líkt og gert hefur verið og snjómokstur verði þess í stað styrkhæfur sem hluti af veghaldi. Þá verði gerð flóttaleiða einnig styrkhæf og falli undir sömu styrkveitingar og sérstakar styrkveitingar vegna gerðar flóttaleiða því felldar út. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að reglurnar taki gildi frá og með áramótum, og að gert verði ráð fyrir 3.500.000 kr í fjárhagsáætlun ársins 2021 í styrki til veghalds.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi styrkfyrirkomulag og styrkfjárhæð.

Mál nr. 2: Umsókn um lagningu bundins slitlags á heimreiðar.

Farið var yfir umsókn um lagningu bundins slitlags á heimreið að Snæfoksstöðum lóð 99 og 100. Samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að farið verði í framkvæmdina og að gert verði ráð fyrir henni á fjárhagsáætlun ársins 2021.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa málinu til umræðu um fjárhagsáætlun.

Mál nr. 3: Reglur um kostnaðarpáttöku Grímsnes- og Grafningshrepps við lagningu bundins slitlags á heimreiðar í sveitarfélaginu.

Ljóst er að uppfæra þarf reglur um kostnaðarpáttöku Grímsnes- og Grafningshrepps við lagningu bundins slitlags á heimreiðar í sveitarfélaginu, sem samþykktar voru á fundi sveitarstjórnar þann 5. maí 2020, í samræmi við upplýsingar frá Vegagerðinni. Samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að reglunum verði breytt í samræmi við fylgiskjal 2 með þessari fundargerð.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi drög að breytingum á reglunum.

d) Fundargerð 206. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 25. nóvember 2020.

Mál nr. 6, 7, 8, 9, 10 og 17 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 206. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett

25. nóvember 2020. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 6: 2011022 - Sólheimar, byggðahverfi; 2020-2025; Deiliskipulag.

Lögð er fram umsókn frá Sólheimum ses. varðandi heildar endurskoðun deiliskipulags að Sólheimum. Innan deiliskipulagsins eru m.a. skilgreindar lóðir og byggingarreitir auk byggingaskilmála.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fresta afgreiðslu málsins.

Mál nr. 7: 2011042 - Tilraunahreinsistöð á Nesjavöllum; Fyrirspurn um matsskyldu.

Lögð er fram umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 varðandi mat á umhverfisáhrifum. Óskað er eftir því að Grímsnes- og Grafningshreppur gefi umsögn um hvort og á hvaða forsendum viðkomandi framkvæmd er varðar tilraunahreinsistöðvar að Nesjavöllum skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum í takt við framlagða beiðni.

Sveitarstjórn telur að innan fyrirspurnar um matsskyldu sé á fullnægjandi hátt gert grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Sveitarstjórn telur að framkvæmd á grundvelli framlagðra gagna sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Framkvæmdin getur verið háð útgáfu framkvæmdaleyfis og eftir atvikum byggingarleyfa. Sveitarstjórn telur framkvæmdina rúmast innan skilmála aðal- og deiliskipulags fyrir svæðið.

Mál nr. 8: 1709092 - Heiðarbrún 2-10 í landi Bjarnastaða 1: Landbúnaðarsvæði með lögbýlisrétti: Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram tillaga að breyttu aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020. Áður hefur tillaga verið kynnt. Athugasemd barst á kynningartíma. Í tillögunni felst breyting á landnotkun stakrar lóðar í jaðri frístundasvæði F51a. Svæðið breytist úr frístundasvæði í landbúnaðarsvæði. Fyrirliggjandi svæði er óbyggt og liggur að landbúnaðarlandi. Umfang breytingar hefur minnkað frá áður kynntri lýsingu verkefnisins. Samhliða er unnin breyting á deiliskipulagi. Í athugasemd fólst að upphaflegur málsaðili málsins gerði athugasemd við að stök lóð væri tekin út fyrir með aðalskipulagsbreytingu og óskað er eftir því að lóð Heiðarbrúnar 4 verði innan viðkomandi breytingar einnig.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fresta afgreiðslu málsins.

Mál nr. 9: 2011016 - Bildsfell III (L170818); umsókn um byggingarleyfi; íbúðarhús - tengibygging og sólskáli.

Fyrir liggur umsókn Sigurðar U. Sigurðssonar fyrir hönd Árna Þorvaldssonar, móttækin 09.11.2020 um byggingarleyfi til að byggja við íbúðarhús, tengibyggingu 15,3 m² og sólskála 32,8 m² á jörðinni Bildsfell III (L170818) í Grímsnes- og Grafningshreppi. Heildarstærð á íbúðarhúsi eftir stækkun verður 165,6 m².

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa. Ása Valdís Árnadóttir vék sæti við afgreiðslu málsins.

Mál nr. 10: 2011062 - Neðan-Sogsvegur 4 L169505, 4A, 4B L169507 og 4C; Deiliskipulagsbreyting; Kæra til ÚUA.

Lagður er fram tölvupóstur mótt. þ. 18. nóvember frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála þar sem kynnt er stjórnsýslukæra sem móttækin var þ. 17. nóvember vegna ákvörðunar um breytingu á deiliskipulagi Neðan-Sogsvegur 4 L169505, 4A, 4B L169507 og 4C er varðar breytta legu byggingarreitar á lóð Neðan-Sogsvegur 4 í framhaldi af athugasemd lóðarhafa Neðan-Sogsvegur 4A.

Sveitarstjórn ítrekar fyrri bókun sína vegna málsins þar sem niðurstaða sveitarstjórnar er rökstudd út frá athugasemdum eigenda aðliggjandi lóðar. Samkvæmt fyrri bókun telur sveitarstjórn að nýting byggingarreits á umræddu svæði gæti því haft töluverð áhrif á lóð 4A m.t.t. skuggavarps og friðhelgis frá því sem fyrir er. Enginn byggingarreitur var skilgreindur á lóðinni fyrir breytingu þar sem lóðin var þegar byggð og hefði því bygging á viðkomandi hluta lóðarinnar verið í öllum tilfellum háð niðurstöðu grenndarkynningar ef ekki hefði komið til skipulagsbreytingar sem fyrirforst að grenndarkynna lóðarhöfum lóðar 4A. Núverandi sumarhús lóðar 4 er að auki í töluverðri fjarlægð frá umræddu svæði og telur nefndin í raun litlar líkur til þess að hentugt sé að byggja á nýjum stað innan lóðarinnar svo langt frá núverandi bústaðarstæði. Auk þess er byggingarreitur lóðarinnar rúmur þrátt fyrir þessar takmarkanir og mun minnkun reitsins því hafa lítil sem engin hamlandi áhrif á lóðarhafa gagnvart byggingarheimildum innan lóðarinnar að mati nefndarinnar. Sveitarstjórn telur að sveitarfélagið hafi fulla heimild til þess að takmarka stærð byggingarreits lóðarinnar og gæta hagsmuna allra lóðarhafa innan svæðisins. Kærandi vísar til þess að minnkun byggingarreits hafi verið samþykkt án rökstuðnings og að UTU hafi farið fram úr valdheimildum sínum með því að samþykkja athugasemdir eigenda lands 4A. Sveitarstjórn hafnar þessum

fullyrðingum. UTU fer með stjórnsýslulega meðferð málsins en ákvarðanir um breytingu á deiliskipulagi eru teknar af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps. Kærandi vísar reyndar til þess innan athugasemda sinna að skipulagsnefnd og hreppsnefnd sé í sjálfsveld sett að hafna beiðni um byggingu sem hefði veruleg áhrif á íbúa land 4A ef að það kæmi til þess að byggt væri hús á umþrættum stað innan núverandi byggingarreits. Útgáfa byggingarleyfa sem eru í samræmi við deiliskipulag koma ekki til afgreiðslu skipulagsnefndar. Eins og kærandi bendir réttilega á er nefndinni og sveitarfélaginu þó í sjálfsveld sett að hafna því að byggt verði á umræddu svæði sé talið að það muni hafa veruleg áhrif á aðliggjandi lóð. Skipulagsfulltrúa falið að svara kæru til Úrskurðarnefndar í samráði við lögmann sveitarfélagsins.

Mál nr. 17: 2011002F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 20-131.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. nóvember 2020.

e) Fundargerð 208. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, 13. nóvember 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) Fundargerð aðalfundar Samtaka orkusveitarfélaga, 5. nóvember 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) Fundargerð 564. fundar stjórnar SASS, 6. nóvember 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

h) Fundargerð 890. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 24. nóvember 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. Álagning gjalda og gjaldskrárbreytingar fyrir árið 2021.

Fyrir liggja tillögur að gjaldskrá og álagningu gjalda vegna ársins 2021.

1. Útsvarshlutfall árið 2021 verði óbreytt 12,44%.

2. Fasteignaskattur A, 0,470% af fasteignamati á íbúðarhúsnæði, bílageymslur, geymsluhúsnæði, lönd og útihús í landbúnaði og sumarhús, allt með tilheyrandi lóðum.

Fasteignaskattur B, 1,32% af fasteignamati sjúkrastofnana skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, skóla, heimavista, leikskóla, íþróttahúsa og bókasafna, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum.

Fasteignaskattur C, 1,65% af fasteignamati allra annarra fasteigna með tilheyrandi lóðum.

5% staðgreiðsluafsláttur verður veittur af fasteignaskatti til fasteignaeigenda sem staðgreiða álagninguna fyrir 5. mars 2021.

Afsláttur er af fasteignaskatti íbúðarhúsa til fasteignaeigenda sem eru 67 ára og eldri eða 75% öryrkjar og eiga lögheimili í viðkomandi fasteign. Afsláttur er hlutfallslegur og miðast við tekjur síðastliðins árs samkvæmt skattframtali. Til tekna teljast bæði launatekjur og fjármagnstekjur. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

Tekjumörk vegna afsláttar ársins 2021 eru eftirfarandi:

Tekjur einstaklinga	Tekjur hjóna	Niðurfelling
Allt að 3.610.000	Allt að 5.430.000	100%
Milli 3.610.001 – 4.215.000	Milli 5.430.001 – 6.245.000	75%
Milli 4.215.001 – 4.810.000	Milli 6.245.001 – 7.070.000	50%
Milli 4.810.001 – 5.415.000	Milli 7.070.001 – 7.895.000	25%

Fjöldi gjalddaga fasteignagjalda:

Fjárhæðir að 25.000 eru með einn gjalddaga 1. maí, 25.001-90.000 eru með 5 gjalddögum með fyrsta gjalddaga 1. mars og síðasta 1. júlí og 90.001 og yfir verði með 7 gjalddögum með fyrsta gjalddaga 1. mars og síðasta 1. september.

3. Seyra, seyrulosunargjald vegna kostnaðar við seyrulosun/ fráveitukerfi verður óbreytt kr. 11.613 á hvert íbúðarhús, sumarhús og fyrirtæki sem ber samkvæmt byggingarskilmálum að hafa rotþró eða vera tengt viðurkenndu fráveitukerfi.

Fyrir aukahreinsun, að beiðni eiganda, greiðist eftirfarandi:

Aukahreinsun á rotþró í tengslum við aðra hreinsun kr. 45.000.-

Aukahreinsun á rotþró sem sérferð kr. 110.000.-

Fráveitugjald skal greitt af öllum mannvirkjum sem tengd eru fráveitukerfum sveitarfélagsins og verður það 0,23% af fasteignamati húss. Hámarksálagning verði kr. 50.000 kr. á íbúðarhús.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennslislagna frá lóðarmörkum við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera kr. 211.750.

4. Sorp, álagning vegna sorphirðu og sorpeyðingar fyrir heimilissorp er:

Gert er ráð fyrir 10% hækkun frá síðasta ári á sorphirðu- og sorpeyðingargjaldi sem er tilkomin vegna mikillar kostnaðaraukningar við meðhöndlun og eyðingu sorps.

Fyrir liggur að taprekstur á málaflokknum er áætlaður 2,1 milljón á árinu 2021 þrátt fyrir gjaldskrárhækkanir.

Sorphirðugjald fyrir íbúðarhús:

Heimilissorp skal flokkað í fjóra flokka og er greitt gjald fyrir tunnueiningu. Tunnueiningin inniheldur brúna tunnu fyrir lífrænan úrgang, græna tunnu fyrir plast, bláa tunnu fyrir pappír og gráa tunnu fyrir annan úrgang.

Ílátastærðir

240 L ílát 45.055 kr.

360 L ílát 66.974 kr.

660 L ílát 134.473 kr.

240 L, stækkun 1 49.146 kr. (stækkun á brún/blá/græn tunnu)

240 L, stækkun 2 54.702 kr. (stækkun á grátunnu)

240 L, stækkun 3 53.236 kr. (stækkun á tveimur tunnum af brún/blá/græn tunnu)

Sorpeyðingargjald:

Íbúðarhúsnæði 26.565 kr.

Frístundahúsnæði 22.407 kr.

Lögbýli 12.990 kr.

Fyrirtæki 43.468 kr.

Allir fasteignaeigendur sem greiða sorpeyðingargjald fyrir íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði eða lögbýli fá afhent inneignarkort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð fyrir samtals 4,5 m³ á ári. Inneign færist ekki á milli ára.

Allir fasteignaeigendur sem greiða sorpeyðingargjald fyrir íbúðarhús og lögbýli fá afhent inneignarkort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð fyrir samtals 10 m³ á ári. Inneign færist ekki á milli ára.

Allir fasteignaeigendur sem greiða sorpeyðingargjald fyrir fyrirtæki fá afhent inneignarkort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð fyrir samtals 10 m³ á ári. Inneign færist ekki á milli ára.

Glatist inneignarkort getur fasteignaeigandi nálgast nýtt kort á skrifstofu sveitarfélagsins gegn gjaldi kr. 5.000,-

Umframmagn er gjaldskyld á móttökustöð, miðast við m³ þess úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmar og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs.

Móttökugjald á einn m³ 6.000 kr.

5. Gjaldskrá vatnsveitu:

Gjaldskrá vatnsveitu verður óbreytt.

Vatnsskattur eigna í fasteignaskattsflokki A, lögbýli/einbýlishús, verði 0,23% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins. Hámarksálagning verði kr. 50.000 á hverja eign/hús.

Vatnsskattur eigna í fasteignaskattsflokki A í skipulagðri frístundabyggð verði 0,23% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins. Hámarksálagning verði kr. 65.000 og lágmarksálagning verði kr. 25.000 á hús.

Vatnsskattur eigna í fasteignaskattsflokki C verði 0,23% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins. Hámarksálagning verði kr. 170.000 á hverja eign/hús.

Tengigjöld vatnsveitu (stofngjöld) fyrir frístundahús og íbúðarhús verða kr. 480.965.

Tengigjöld fyrir lögbýli að meðtöldu einu íbúðarhúsi verða kr. 714.385.

Á þeim lóðum sem ekki hefur verið byggt á en hafa tengst vatni er innheimt fast árgjald kr. 25.000.

Fyrir ný skipulagða frístundabyggð sem tengjast skal vatnsveitu sveitarfélagsins skal landeigandi greiða kr. 45.000 fyrir hverja lóð á skipulagi fyrir lagningu stofnlagnar.

Gjald fyrir útkall vegna tilkynningar notanda um bilun sem reynist vera í búnaði húseiganda verði kr. 15.375 án vsk á dagvinnutíma en sé leitað eftir þjónustu utan dagvinnutíma reiknast 55% álag.

Gjaldskráin miðast við að heimtaug í sumarhús sé 20mm. Velji menn 25mm heimtaug tvöfaldast tengigjaldið og semja verður sérstaklega um sverari heimtaugar.

6. Gjaldskrá hitaveitu:

Gjaldskrá hitaveitu verður óbreytt.

5. gr. A, B, C, D og E-liður gjaldskrá hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps er þannig:

A. Hemlagjald (varmagjald):

Sumarbústaðir, snjóbræðslukerfi og notkun samkvæmt sérsamningum skal greiða fyrir hemlagjald. Lágmarksstilling er 3,0 l/mínútu.

Hemlagjald fyrir hvern mínútulíter á mánuði er kr. 2.640.

B. Rúmmetragjald skv. mæli:

Almennt íbúðar- og iðnaðarhúsnæði og gróðurhús skal greiða varmagjald. Varmagjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 125,60.

Sumarbústaður sem er með mæli og greiðir skv. rúmmetragjaldi skal þó aldrei greiða minna en sem nemur 3,0 l/mínútu eða sem nemur kr. 7.921 á mánuði, sbr. A-liður 5. gr.

Mælagjald á mánuði:

C1 Stærð mælis/hemils DN 15	1.259 kr.
C2 Stærð mælis/hemils DN 20	1.800 kr.
C3 Stærð mælis/hemils DN 25	2.224 kr.
C4 Stærð mælis/hemils DN 32	2.653 kr.
C5 Stærð mælis/hemils DN 40	3.081 kr.
C6 Stærð mælis/hemils DN 50	4.216 kr.

C. Stofngjöld

Íbúðarhús allt að 300m³ og gróðurhús allt að 200m³ kr. 672.171 og fyrir hvern rúmmeter/fermetra þar yfir skal greiða 256 kr/m³.

Vélageymslur og gripahús allt að 300m³ kr. 390.732 og fyrir hvern rúmmeter/fermetra þar yfir skal greiða 256 kr/m³.

Fyrir sumarhús er stofngjaldið kr. 672.171.

Gjald fyrir auka mælagrind er kr. 100.311.

Auk stofngjaldsins sem að framan greinir skal greiða 5.032 kr. fyrir hvern lengdarmetra heimæðar frá stofnæð.

D. Önnur gjöld

Lokunargjald verður kr. 18.847 og auka álestur kr. 8.869.

Gjald fyrir útkall vegna tilkynningar notanda um bilun sem reynist vera í búnaði húseiganda verði kr. 15.375 án vsk á dagvinnutíma en sé leitað eftir þjónustu utan dagvinnutíma reiknast 55% álag.

Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps áskilur sér rétt til að beita viðurlögum við rofi á innsigli.

7. Lóðaleiga, verði óbreytt 1% af lóðamati.

8. Gatnagerðargjöld, verði óbreytt og jafnframt verði 50% afsláttur af gatnagerðargjöldum í þéttbýli út árið 2021.

Af hverjum fermetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti

Húsgæð	Hlutfall	Einingarverð/m ² m.v. hámarksnýtingar hlutfall kr.*
Einbýlishús með bílageymslu	8,5%	15.386 kr.
Parhús með/án bílageymslu	7,5%	13.575 kr.
Raðhús með/án bílageymslu	7,0%	12.670 kr.
Fjölbýlishús með/án bílageymslu	4,0%	7.240 kr.
Verslunar-, þjónustu- og annað húsnæði	3,5%	6.335 kr.
Iðnaðarhúsnæði	3,0%	5.430 kr.
Hesthús	3,0%	5.430 kr.
Gróðurhús o.fl. tengt landbúnaði	1,0%	1.810 kr.

*Verð breytist með byggingarvísitölu, viðmið 580,2 stig í janúar 2013.

Fjárhæð gatnagerðargjalds breytist 1. dag hvers mánaðar í samræmi við breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhússins (181.006 kr./m², byggingarvísitala 580,2 stig fyrir janúar 2013).

9. Gjaldskrá Íþróttamiðstöðvarinnar Borg, verði eftirfarandi:

Sund:	fullorðnir, 19-67 ára	börn, 10-18 ára
Stakt skipti	950 kr.	450 kr.
10 miða kort	5.000 kr.	2.500 kr.
30 miða kort	13.000 kr.	6.500 kr.
Árskort	35.000 kr.	17.500 kr.
Þreksalur:		
Stakt skipti	1.500 kr.	
10 miða kort	11.000 kr.	
30 miða kort	21.000 kr.	
Árskort	35.000 kr.	

Íþróttasalur:

Fullorðinn – 60 mín. 1.500 kr.

Barn – 60 mín. 750 kr.

Hálfur dagur 12.000 kr.

Heill dagur 21.000 kr.

Sturta 700 kr.

Leiga á sundfatnaði 700 kr.

Leiga á handklæði 700 kr.

Handklæði og sundföt 1.000 kr.

Íbúum með lögheimili í sveitarfélaginu er boðið upp á að kaupa árskort í sund, þreksal og íþróttasal.

Fullorðnir, 19-67 ára 10.500 kr.

Börn, 10-18 ára 4.500 kr.

Íbúar með lögheimili í sveitarfélaginu geta leigt íþróttasalinn fyrir afmælisveislu barna sinna fyrir kr. 4.500.

Börn 0-9 ára, ellilífeyrisþegar og öryrkjar fá frítt í sund, þreksal og íþróttasal.

Útsvarsprósenta er sú sama og árið 2020 eða 12,44%.

Fasteignaskattur er byggður á upplýsingum um álagningastofn frá Þjóðskrá Íslands og prufukeyrslu úr Fasteignaskrá. Álagningarprósenta fasteignaskatts í flokki A, verður 0,470% og álagningarprósenta fasteignaskatts í flokki C verður 1,65%.

10. Gjaldskrá dagvistargjalda í leikskóladeild Kerhólsskóla:

Gjaldskrá dagvistunargjalda verður óbreytt.

4 klst. vistun 7.080 kr.

4,5 klst. vistun 7.965 kr.

5 klst. vistun 8.850 kr.

5,5 klst. vistun 9.735 kr.

6 klst. vistun 10.620 kr.

6,5 klst. vistun 12.005 kr.

7 klst. vistun 13.390 kr.

7,5 klst. vistun 14.775 kr.

8 klst. vistun 16.160 kr.

8,5 klst. vistun 20.930 kr.

9 klst. vistun 25.700 kr.

Systkinaafsláttur er 25% fyrir annað barn, 50% afsláttur fyrir þriðja barn og 100% afsláttur fyrir fjórða barn. Systkinaafsláttur dagvistunargjalda er samtengdur systkinaafslætti frístundar.

Afsláttur einstæðra foreldra er 20%.

Afsláttur ef annað foreldri er í fullu námi er 20% en 40% ef báðir foreldrar eru í fullu námi.

11. Gjaldskrá frístundar:

Gjaldskrá frístundar verður óbreytt.

Hver klukkustund 300 kr.

Systkinaafsláttur er 25% fyrir annað barn, 50% afsláttur fyrir þriðja barn og 100% afsláttur fyrir fjórða barn. Systkinaafsláttur frístundar er samtengdur systkinaafslætti dagvistunargjalda.

Afsláttur einstæðra foreldra er 20%.

Afsláttur ef annað foreldri er í fullu námi er 20% en 40% ef báðir foreldrar eru í fullu námi.

12. Gjaldskrá mótuneytis:

Gjaldfrjálst er fyrir börn Kerhólsskóla og frístundar í mótuneyti Kerhólsskóla. Jafnframt er gjaldfrjálst fyrir eldri borgara með lögheimili í sveitarfélaginu í mótuneyti Kerhólsskóla.

Hádegisverður, starfsmanna 550 kr.

Hádegisverður, kostgangara 1.300 kr.

13. Gjaldskrá bókasafns:

Heimiliskort, árskort 1.500 kr.

Breytingar þessar taka gildi frá og með 1. janúar 2021.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögur um álagningu gjalda og gjaldskrárbreytingar.

3. Fjárhagsáætlun 2021-2024, fyrri umræða

Fyrir liggja drög að fjárhagsáætlun Grímsnes- og Grafningsshrepps fyrir fjárhagsárin 2021 – 2024 sbr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021 var farið yfir hverja deild fyrir sig og hún skoðuð ítarlega með tilliti til þess hver áætlun var vegna 2020 og staða deildarinnar eftir 9-10 mánuði. Þessar forsendur voru svo aðlagðar aðstæðum.

Við mat á útsvarstekjum var stuðst við upplýsingar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, upplýsingum úr bókhaldi sveitarfélagsins og íbúapróun en vísbendingar eru um að íbúasamsetning í sveitarfélaginu leiði ekki til mikilla breytinga á útsvarstekjum.

Ekki eru áætlaðar tekjur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Í áætluninni er gert ráð fyrir 10% hækkun á gjaldskrá sorpeyðingar og sorphirðu. Gjaldskrá seyrulosunar, hitaveitu og vatnsveitu verða óbreyttar og 50% afsláttur verður af gjaldskrá gatnagerðargjalda.

Gjaldskrá íþróttamiðstöðvar verður óbreytt nema árskort til íbúa hækkar í 10.500 kr. fyrir fullorðna og 4.500 kr. fyrir börn. Gjaldskrá dagvistunargjalda verður óbreytt og mótuneyti Kerhólsskóla verður áfram gjaldfrjálst.

Ekki er gert er ráð fyrir lántökum vegna fjárfestinga á árinu né sölu eigna.

Sveitarstjórn vísar áætluninni til annarrar umræðu.

4. Stytting vinnuvikunnar hjá starfsfólki skrifstofu og áhaldahúss.

Fyrir liggja drög að samkomulagi milli starfsmanna skrifstofu og áhaldahúss sveitarfélagsins og Grímsnes- og Grafningsshrepps um fyrirkomulag á styttingu vinnuvikunnar, skv. samkomulagi milli stéttarféлага og sveitarfélaga.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi drög.

5. Skipulagsmál - 2010032 - Stóra-Borg lóð 13 L218057; Pallur og kúlutjald; Fyrirspurn.

Lögd er fram að nýju fyrirspurn frá Ögmundi Gíslasyni vegna áætlana um að setja upp kúlutjöld og palla á landi nr. 13 við Stóru-Borg.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við erindið.

6. Úrskurður nr. 99/2020 frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Fyrir liggur úrskurður frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 99/2020 þar sem kærd var ákvörðun byggingarfulltrúa Grímsnes- og Grafningsshrepps frá 14. október 2020 um að leggja dagsektir að fjárhæð 20.000 kr. á dag á eiganda Þerneyjarsunds 23 frá og með 16. nóvember 2020. Niðurstaða úrskurðarnefndarinnar er að kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunarinnar er hafnað. Lagt fram til kynningar.

7. Beiðni um styrk frá reiðveganefnd hestamannafélagsins Trausta vegna lagfæringar á reiðvegi.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Benedikt Gústavssyni f.h. reiðveganefndar hestamannafélagsins Trausta, dagsettur 25. nóvember 2020, þar sem óskað er eftir styrk til að lagfæra reiðveg milli Hamra og Ormsstaða. Áætlaður kostnaður framkvæmdarinnar er 500.000 kr., en félagið getur lagt fram 200.000 kr.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita umbeðinn styrk.

8. Minnisblað vegna kostnaðarmats vatnsveitu frá Fljótbotnum.

Fyrir liggur minnisblað frá Eyþóri Sigurðssyni hjá Verkís, dagsett

25. nóvember 2020, um kostnaðarmat vegna sameiginlegrar vatnsveitu uppsveitanna frá Fljótsbotnum. Þar kemur fram að heildar stofnkostnaður verkefnisins sé áætlaður 1.263.100.000 kr., en þar af yrði hlutur Grímsnes- og Grafningshrepps 256.600.000 kr.

Minnisblaðið lagt fram til kynningar.

9. Bréf frá BSRB um styttingu vinnuvikunnar.

Fyrir liggur bréf undirritað af fulltrúum BSRB, ASÍ, BHM, Félags leikskólakennara og Félags stjórnenda leikskóla, dagsett 18. nóvember 2020, þar sem fjallað er um mikilvægi þess að vanda til verka við styttingu vinnuvikunnar og ávinninginn af styttri vinnuviku fyrir starfsfólk.

Bréfið lagt fram til kynningar.

10. Bókun byggðaráðs sveitarfélagsins Skagafjarðar um kröfu Reykjavíkurborgar á hendur Jöfnunarstjóði.

Fyrir liggur bókun byggðaráðs sveitarfélagsins Skagafjarðar frá 24. nóvember 2020, þar sem skorað er á Reykjavíkurborg að falla frá kröfu sinni á hendur Jöfnunarsjóði upp á um 8,7 milljarða króna fyrir meint vangoldin framlög úr sjóðnum. Jafnframt skorar byggðaráð sveitarfélagsins Skagafjarðar á önnur sveitarfélög á landinu að taka undir bókunina og gera hana að sinni.

Bókunin lögð fram til kynningar.

11. Ársskýrsla og ársreikningur Hjálparsveitarinnar Tintron 2019.

Fyrir liggur ársskýrsla og ársreikningur Hjálparsveitarinnar Tintron fyrir árið 2019. Lagt fram til kynningar.

12. Ársskýrsla Persónuverndar 2019.

Fyrir liggur ársskýrsla Persónuverndar fyrir árið 2019. Ársskýrslan lögð fram til kynningar.

13. Stöðuskýrsla uppbyggingarteymis félags- og atvinnumála vegna Covid-19.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Maríu Ingibjörgu Kristjánsdóttur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 26. nóvember 2020, þar sem kynnt er 8. stöðuskýrsla teymis um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19.

Skýrslan lögð fram til kynningar.

14. Tillaga að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 til kynningar.

Fyrir liggur tillaga Skipulagsstofnunar að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026, ásamt umhverfismati. Í tillögunni er sett fram stefna um loftslagsmál, landslag og lýðheilsu í tengslum við framkvæmd skipulagsmála og tekur hún eftir atvikum til allra viðfangsefna gildandi landsskipulagsstefnu. Auk þess felur tillagan í sér breytingar á gildandi landsskipulagsstefnu varðandi skipulag haf- og strandsvæða m.t.t. laga nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða.

Tillagan lögð fram til kynningar.

15. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um mótun heildstæðrar stefnu um afreksfólk í íþróttum, 81. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram til kynningar.

16. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um skráningu einstaklinga, nr. 140/2019 (sveitarfélag fyrsta lögheimilis), 82. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

17. Beiðni Alþingis- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um menntastefnu 2020-2030, 278. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram til kynningar.

18. Beiðni Atvinnuveganefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um fiskeldi (vannýttur lífmassi í fiskeldi), 265. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

19. Beiðni Atvinnuveganefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um Tækniþróunarsjóð, 321. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

20. Beiðni Atvinnuveganefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um opinberan stuðning við nýsköpun, 322. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

21. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd,

nr. 60/2013 (málsmeðferð o.fl.), 276. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

22. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010 (uppbygging innviða og íbúðarhúsnæðis), 275. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

23. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum (markmið, áhættumat, sektir o.fl.), 311. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

24. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum, 240. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram til kynningar.

25. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um orlofshúsnæði örorkulífeyrisþega, 187. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram til kynningar.

26. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um bætta stjórnsýslu í umgengnismálum, 104. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram til kynningar.

27. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um fæðingar- og foreldraorlof, 323. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

28. Önnur mál.

a) Brennu- og skoteldaleyfi.

Fyrir liggur beiðni frá Hjálparsveitinni Tintron um brennu- og skoteldaleyfi fyrir áramótabrennu og flugeldasýningu á Borg þann 31. desember n.k. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita brennu- og skoteldaleyfi.



496. fundur Sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps 16. desember kl. 13:00 - 18:10 Stjórnsýsluhúsinu Borg

Sveitarstjórn

Ása Valdís Árnadóttir
Björn Kristinn Pálmarsson
Smári Bergmann Kolbeinsson
Ingibjörg Harðardóttir
Bjarni Þorkelsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

Oddviti leitar afbrigða.

Samþykkt samhljóða

a) Fyrirhuguð stofnun miðhálendisþjóðgarðs.

b) Minnisblað um svæðisskipulag fyrir Suðrhálendið, kostnaðarskipting og framkvæmd.

1. Fundargerðir

a) Fundargerð 1. fundar stýrihóps um verkefnið Heilsueflandi samfélag, 30. mars 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð 2. fundar stýrihóps um verkefnið Heilsueflandi samfélag, 27. ágúst 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) Fundargerð 207. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 9. desember 2020.

Mál nr. 15, 16, 17, 18, 19 og 26 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 207. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 9. desember 2020. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 15: 2009103 - Hrossakrókar L168261; Úr landi Miðengis; Deiliskipulag.

Lögð er fram uppfærð umsókn frá Benedikt Gústavssyni þar sem nú er óskað eftir að stofna um 35.500 lóð úr landi Miðengis L168261 þar sem vinnsla við deiliskipulag fer á bið þar til endurskoðað aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps tekur gildi. Lóðin mun fá staðfangið Hrossakrókar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða erindið. Ekki er gerð athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirliggjandi umsókn. Ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. grein jarðalaga.

Mál nr. 16: 2011085 - Höfðabraut 1 L196603; Vaðnes; Þakgerð; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram umsókn frá Sigurlaugu Vilhjálmsdóttur og Tryggva Tryggvasyni varðandi breytingu á deiliskipulagi sumarhúslóðar við Höfðabraut 1. Í breytingunni felst að þakform verði gefið frjálst m.t.t. þakhalla, formlegu og stefnu. Í umsókninni felst að breytingin skuli eingöngu taka til Höfðarbrautar 1.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Breytingin taki til deiliskipulagssvæðisins í heild. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt lóðarhöfum innan deiliskipulagssvæðis.

Mál nr. 17: 2012001 - Foss L168242; Foss 2 og 3; Skipting lands og stofnun lóða.

Lögð er fram umsókn Landforms, dags. 30. nóvember 2020, f.h. landeigenda um skiptingu jarðarinnar Foss L168242 í þrjá hluta. Óskað er eftir að stofna annars vegar 180,03 ha landeign sem fengi staðfangið Foss 2 og hins vegar 152,50 ha landeign sem fengi staðfangið Foss 3. Eftir skiptin mælist Foss með stærðina 236,14 ha skv. meðfylgjandi lóðablaði en hún er í dag skráð með stærðina 0,0 í fasteignaskrá þar sem hnitsett uppmæling hennar hefur ekki legið fyrir fyrr en nú. Aðkomur að landeignunum eru frá Kiðjabergsvegi (353) um núverandi aðkomur að sumarbústöðum innan jarðarinnar skv. lóðablaði. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi umsókn, með fyrirvara um að samþykki aðliggjandi landeigenda liggi fyrir þar sem það á við. Ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. grein jarðalaga.

Mál nr. 18: 2010051 - Nesjar L170824; Tjarnarlaut 6 L186649; Minnkun lóðar; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram breyting á deiliskipulagi í landi Nesja, Tjarnarlaut 6, eftir grenndarkynningu. Athugasemdir bárust á grenndarkynningartímanum sem lagðar eru fram til kynningar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Brugðist hefur verið við athugasemdum og umsögnum sem bárust vegna málsins. Deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 19: 2012008 - Grýluhraun 1, 3 og 5; Farborgir; Sameining lóða; Kæra til ÚUA.

Lagður er fram tölvupóstur, móttækinn þann 3. desember frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála þar sem kynnt er stjórnarsýslukæra sem móttækin var þann 2. desember vegna ákvörðunar um breytingu á deiliskipulagi við Grýluhraun 1, 3 og 5.

Sveitarstjórn ítrekar fyrri bókun sína vegna afgreiðslu málsins og bendir á að þó svo að helsta markmið ákvæða aðalskipulags sé að ekki sé heimiluð fjölgun lóða innan þegar skipulagðra fristundasvæða að þá eigi ákvæði þetta sannarlega einnig við vegna sameiningar á lóðum.

Slíkt er fordæmisgefandi gagnvart sambærilegum beiðnum og þarf því að huga vel að því að slíkar heimildir séu vel rökstuddar. Að mati sveitarstjórnar liggur ekki fullnægjandi rökstuðningur að baki ítrekaðri beiðni um sameiningu lóða innan svæðisins. Skipulagsfulltrúa falið að svara kærunni í samráði við lögmann sveitarfélagsins.

Mál nr. 26: 2011004F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 20-132.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. desember 2020.

d) Fundargerð 81. fundar stjórnar byggðasamlags UTU, 26. nóvember 2020.

Mál nr. 4 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð 81. fundar stjórnar byggðasamlags UTU, dagsett 26. nóvember 2020. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar;

Mál nr. 4: Fjárhagsáætlun UTU 2021.

Farið var yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2021. Niðurstöðutala hennar er 169.521.649 sem skiptist niður á sveitarfélögin samkvæmt samþykktum hlutföllum. Hlutur Grímsnes- og Grafningshrepps er áætlaður 54.246.928 kr. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi fjárhagsáætlun en gerir þó athugasemd við að ekki komi fram hvort húsaleiga muni hækka á árinu vegna þeirra breytinga sem til stendur að gera á húsnæðismálum embættisins.

e) Fundargerð 82. fundar stjórnar byggðasamlags UTU, 9. desember 2020.

Lögð fram fundargerð 82. fundar stjórnar byggðasamlags UTU, dagsett 9. desember 2020. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar;

Mál nr. 2: Húsnæðismál UTU.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps telur að sú lausn sem stjórn UTU leggur til að verði samþykkt sé ófullnægjandi miðað við þau gögn sem liggja fyrir. Sveitarstjórn gerir athugasemdir við að stjórn leggi til að embættið verði áfram í húsnæði sem verður enn of lítið eftir lagfæringar og bætir ekki aðbúnað starfsfólks. Jafnframt gerir sveitarstjórn athugasemdir við að stjórn leggi til með þessari bókun að samþykkt sé að rekstrarkostnaður embættisins verði töluvert hærri þrátt fyrir að annar möguleiki sé hagkvæmari. Sveitarstjórn telur með öllu óskiljanlegt að stjórn leggi til dýrari tillöguna þegar í sömu fundargerð er skrifstofustjóra embættisins sett fyrir að hagræða í rekstri embættisins. Í 10. grein í samþykktum byggðasamlagsins fyrir Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita segir „Ákvarðanir um lántökur, húsnæðismál eða mál er varða útgjöld umfram fjárhagsáætlun byggðasamlagsins þarfnast staðfestingar frá sveitarstjórnnum allra aðildarsveitarfélaganna“. Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið óskar sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hér með eftir að öll aðildarsveitarfélögin taki afstöðu til þeirra tveggja valkosta sem liggja fyrir í húsnæðismálum embættisins.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkir samhljóða að embættið verði staðsett í þeirri aðstöðu sem Grímsnes- og Grafningshreppur bauð fram þann 3. júlí s.l.

f) Fundargerð frá fundi Oddvitaneftndar UTU, 27. nóvember 2020.

Mál nr. 1, 2, 3 og 4 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð frá fundi Oddvitaneftndar UTU, dagsett 27. nóvember 2020. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Drög að endurnýjun á samstarfssamningi.

Farið var yfir greiningu á föstum kostnaði o.fl. og kynnt efni minnisblaðs sem var tekið saman í þessari vinnu. Þá var farið yfir tillögur að efnisbreytingum á samstarfssamningum frá síðasta fundi og kynnt útfærsla á kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaganna. Miklar umræður fóru fram á fundinum um drögin og snérust þær sérstaklega að kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaganna og þá gagnvart skiptingu á föstum kostnaði. Samþykkt var að sveitarstjórar allra sveitarfélaganna myndu funda fjötleiga um efni samningsins og gera að tillögu breytingum sem gætu leitt til sameiginlegrar niðurstöðu. Jafnframt var samþykkt að kostnaðarskipting á árinu 2020 yrði með þeim hætti að 5% af föstum kostnaði af rekstri Seyrustaða, hreinsibífreiddar og þjónustufulltrúa yrði skipt jafnt á milli sveitarfélaganna áður en samnings- og hefðbundin skipting tæki við. Tillögu þessari er vísað til sveitarfélaganna til endanlegrar afgreiðslu.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps gerir athugasemd við kostnaðarskiptinguna og samþykkir kostnaðarskiptingu starfshópsins.

Mál nr. 2: Gjaldskrá Seyrustaða 2021.

Rætt var um gjaldskrá Seyrustaða fyrir árið 2021. Gert er ráð fyrir þeirri breytingu að gjaldskráin verði sett í nafni Hrunamannahrepps á grundvelli fráveitusamþykktar Hrunamannahrepps. Fundarmenn voru sammála um að gera breytingar á gjaldskrá þannig að móttökugjald hækki um 3,3% á milli ára. Þá voru tekin upp ákvæði varðandi aukalosanir og aðildarsveitarfélög hvött til að setja sér samræmda gjaldskrá varðandi aukalosanir en gert er ráð fyrir að aðildarsveitarfélögin innheimti gjöld vegna aukalosana beint til sín. Tillaga að gjaldskrá 2021 samþykkt og vísað að nýju til sveitarfélaganna til endanlegrar afgreiðslu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða gjaldskrá Seyrustaða fyrir árið 2021.

Mál nr. 3: Fjárhagsáætlun 2021.

Lögð var fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 og hún samþykkt með þeim breytingum að gera eigi ráð fyrir 5% skiptingu á milli sveitarfélaganna á föstum kostnaði. Þá var lagt til að fjárfestingu að fjárhæð 6 millj. yrði frestað tímabundið. Samþykktari fjárhagsáætlun vísað til sveitarfélaganna til endanlegrar afgreiðslu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi fjárhagsáætlun að öðru leyti en því sem snýr að skiptingu á föstum kostnaði, sbr. bókun við lið númer 1.

Mál nr. 4: Skiptayfirlýsing og lóðaleigusamningur vegna Flatholts 2.

Lögð var fram skiptayfirlýsing og lóðaleigusamningur vegna fasteignarinnar að Flatholti 2 á Flúðum. Í skiptayfirlýsingunni koma fram eignarhlutföll aðildarsveitarfélaganna sem eru í samræmi við framlög til fjárfestingarinnar. Skiptayfirlýsingin og lóðarleigusamningurinn samþykkt og vísað til sveitarfélaganna til afgreiðslu og heimilda til undirritunar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða skiptayfirlýsingu og lóðaleigusamning vegna Flatholts 2.

Þó er gerð athugasemd við tilgreind landnúmer og fastanúmer eignarinnar að Flatholti 2. Sveitarstjóra falið að skrifa undir skiptayfirlýsinguna og lóðaleigusamninginn.

g) Fundargerð 297. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, 30. október 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

h) Fundargerð 298. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, 24. nóvember 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

i) Fundargerð 46. fundar Skólabjónustu- og velferðarnefndar Árneshóla, 3. desember 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

j) Fundargerð 13. fundar stjórnar Brunavarna Árneshóla, 26. nóvember 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

k) Fundargerð aðalfundar Bergisans bs., 25. nóvember 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

l) Fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, 30. október 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

m) Fundargerð aðalfundar SASS, 29.- 30. október 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

n) Fundargerð aðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands, 30. október 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

o) Fundargerð aðalfundar Leikfélagsins Borg, 3. júní 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

p) Fundargerð 19. fundar Héraðsnefndar Árneshóla bs., 12. nóvember 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. Álagning gjalda og gjaldskrárbreytingar fyrir árið 2021.

Fyrirliggjandi tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árin 2021-2024 er tekin til lokaafgreiðslu.

Helstu lykiltölur samstæðureikningsins í þúsundum króna:

	2021	2022	2023	2024
Tekjur	1.123.941	1.172.838	1.223.984	1.277.484
Gjöld	1.091.312	1.133.707	1.179.351	1.224.911
Fjármagnsgjöld	28.333	30.630	33.629	34.243
Rekstrarafgangur	4.297	8.501	11.003	18.330
Eignir	2.305.246	2.276.423	2.246.473	2.219.943
Skuldir	926.612	889.288	848.335	803.474
Eigið fé	1.378.634	1.387.135	1.398.138	1.416.468
Fjárfestingar (nettó)	237.050	239.500	166.000	126.000

Ekki er gert er ráð fyrir lántöku né sölu eigna vegna fjárfestinga.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárin 2021-2024.

3. Stytting vinnuvikunnar hjá starfsfólki Kerhólsskóla.

Fyrir liggja drög að samkomulagi milli starfsmanna Kerhólsskóla og Grímsnes- og Grafningsshrepps um fyrirkomulag á styttingu vinnuvikunnar, skv. samkomulagi milli stéttarféлага og sveitarfélaga. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi drög.

4. Skipan fulltrúa í fjallskilanevnd.

Fyrir liggur að Ingólfur Oddgeir Jónsson, aðalmaður í fjallskilanevnd, er fluttur úr Grafningi. Til þess að jafna hlutfall milli aفرetta í nefndinni er lagt til að Ása Valdís Árnadóttir taki sæti hans í nefndinni og verði jafnframt formaður nefndarinnar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða skipanina.

5. Aðalfulltrúi Grímsnes- og Grafningsshrepps í Skipulagsnefnd Uppsveita

Fyrir liggur að Ingibjörg Harðardóttir, aðalfulltrúi Grímsnes- og Grafningsshrepps í Skipulagsnefnd Uppsveita hefur beðist lausnar frá störfum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Ása Valdís Árnadóttir verði aðalfulltrúi sveitarfélagsins í nefndinni í hennar stað.

6. Kauptilboð í hlut sveitarfélagsins í borholu á Stóra-Hálsi.

Auglýst var eftir tilboðum í hlut sveitarfélagsins í borholu á Stóra-Hálsi. Hluttur sveitarfélagsins er 85%. Tvö tilboð bárust og er hæsta tilboð að fjárhæð 350.000 kr. frá Ingþóri Óla Thorlacius og Halldóri Bergmann Þorvaldssyni. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka hæsta boði með fyrirvara um forkaupsrétt landeiganda að Stóra-Hálsi. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra / oddvita að undirrita kaupsamninginn og afsalið.

7. Drög að verk- og kostnaðaráætlun vegna deiliskipulags fyrir þéttbýlið Borg.

Fyrir liggja drög að verk- og kostnaðaráætlun frá Eflu verkfræðistofu vegna deiliskipulags fyrir þéttbýlið Borg.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi tilboð og felur oddvita / sveitarstjóra að undirrita samning.

8. Bréf frá Ásgarðsnefnd Oddfellow um aðgengi að skógræktar- og útivistarlandi í eigu Oddfellow í Ásgarðslandi.

Fyrir liggur bréf frá Ásgarðsnefnd Oddfellow, dagsett 5. desember 2020, þar sem óskað er eftir því sveitarfélagið finni ásættanlega lausn á aðgengi að skógræktar- og útivistarlandi í eigu Oddfellow í Ásgarðslandi. Við endurgerð Búrfellsvegs nr. 351 tapaðist vegsamband frá Búrfellsvegi að umræddu landi.

Sveitarstjórn felur oddvita að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

9. Skipulagsmál - 2010091 - Neðan-Sogsvegur 61 L169338; Norðurkot; Skipting lóðar; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram að nýju umsókn frá Þrúði Karlsdóttur er varðar uppskiptingu lóðar Neðan-Sogsvegur 61. Í skiptingunni felst skilgreining núverandi svæðis sem lóðin tekur til og tillaga að skiptingu hennar. Sveitarstjórn hafnar erindinu samhljóða. Í skilmálum aðalskipulags er ekki gert ráð fyrir uppskiptingu lóða innan þegar byggðra sumarhúsasvæða.

10. Tilkynning um kæru 127/2020 frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Fyrir liggur tilkynning um kæru nr. 127/2020 frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, þar sem kærð er sú ákvörðun sveitarstjórnar að synja eigendum lóða við Grýluhraun 1, 3 og 5 um breytingu á skipan lóða.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela skipulagsfulltrúa að svara kærinni í samráði við lögmann sveitarfélagsins.

11. Tilkynning um kæru 128/2020 frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Fyrir liggur tilkynning um kæru nr. 128/2020 frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, þar sem kærð er sú ákvörðun sveitarstjórnar að leiðrétta ekki lóðamörk lóðarinnar að Þórsstíg 3. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela lögmanni sveitarfélagsins að svara kærinni.

12. Tilkynning um kæru 130/2020 frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Fyrir liggur tilkynning um kæru nr. 130/2020 frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, þar sem kærð er sú ákvörðun sveitarstjórnar að synja eiganda lóðarinnar Kerhrauns C 103/104 um að breyta lóðinni úr frístundabyggð í landbúnaðarlóð í aðalskipulagi. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela lögmanni sveitarfélagsins að svara kærinni.

13. Endurnýjun samnings milli Grímsnes- og Grafningshrepps og Motus.

Fyrir liggur endurnýjaður samningur milli Grímsnes- og Grafningshrepps og Motus um innheimtubjónustu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða samninginn og felur sveitarstjóra / oddvita að annast undirritun hans.

14. Bréf frá stjórn Sviðflugfélags Íslands vegna áforma um byggingu vindorkugarðs á Mosfellsheiði.

Fyrir liggur bréf frá stjórn Sviðflugfélags Íslands, dagsett 7. desember 2020, þar sem settar eru fram athugasemdir við áform um breytingar á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps vegna áforma um byggingu vindorkugarðs á Mosfellsheiði.

Bréfið lagt fram til kynningar.

15. Þátttaka í stafrænu ráði sveitarfélaga á Suðurlandi.

Fyrir liggur beiðni um þátttöku í stafrænu ráði sveitarfélaga á Suðurlandi. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka þátt í verkefninu, sem felst í stofnun miðlægs tækniteymis Sambands íslenskra sveitarfélaga sem sinna mun innleiðingu rafrænna lausna, gagnauppbyggingu og tengingu gagna gagnvart öllum sveitarfélögum landsins.

16. Bókun sveitarstjórnar Bláskógabyggðar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu.

Fyrir liggur bókun sveitarstjórnar Bláskógabyggðar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu, þar sem sveitarstjórn leggst alfarið gegn stofnun þjóðgarðsins og hvetur önnur sveitarfélög í landinu til að gera slíkt hið sama.

Bókunin lögð fram til kynningar.

17. Ársskýrsla Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2019.

Fyrir liggur ársskýrsla Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2019.

Skýrslan lögð fram til kynningar.

18. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um skákkennslu í grunnskólum, 106. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram til kynningar.

19. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um félagsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, 113. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram til kynningar.

20. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Samþykkt er að fella niður næsta reglulega fund sveitarstjórnar þann 6. janúar n.k. Næsti fundur sveitarstjórnar verður þann 20. janúar 2021, kl. 9:00.

21. Önnur mál.

a) Fyrirhuguð stofnun miðhálandisþjóðgarðs.

Af umræðunni um frumvarp umhverfisráðherra um Miðhálandisþjóðgarð má ljóst vera að ekki hefur tekist að vinna málinu það brautargengi sem til þarf, ef skapa á viðtæka sátt um verkefnið. Það er mat sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps að málefnið um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu sé svo stórt í sniðum að ekki sé skynsamlegt að leiða það til lykta nema um það ríki þjóðarsátt og í því felist tækifæri og ávinningur fyrir komandi kynslóðir. Jafnframt mætti hugsa sér, að það sé einmitt hlutverk komandi kynslóða að leggja mat á þau tækifæri og ákveða sjálfar hvort og hvenær sett verða lög um Miðhálandisþjóðgarð – að fenginni meiri og betri reynslu af starfsemi þeirra þjóðgarða sem þegar eru við lýði, og fylgt hafa misfellur sem nauðsynlegt virðist að jafna. Aðeins þannig er líklegt að umræðan þroskist, hugmyndin þróist og sárin grói eftir þann „utanvegaakstur“ sem stundaður hefur verið í umræðunni um þjóðgarða.

b) Minnisblað um svæðisskipulag fyrir Suðurrhálandið, kostnaðarskipting og framkvæmd.

Fyrir liggur minnisblað um svæðisskipulag fyrir Suðurrhálandið, kostnaðarskipting og framkvæmd. Starfshópurinn og verkefnisstjórn leggur til að áfram verði unnið að gerð svæðisskipulags fyrir Suðurrhálandið og að skipting kostnaðar sveitarfélaganna byggji á töflu og starfsreglum sem voru til kynningar á fundi starfshópsins 18. nóvember s.l.

Hvert sveitarfélag þarf til samræmis við skipulagslög að skipa tvo aðalmenn og tvo til vara í starfshópinn sem vinnur að gerð svæðisskipulags fyrir Suðurrhálandið. Staðfesta þarf skipan tveggja aðalmanna og tveggja til vara í starfshópinn um gerð svæðisskipulags fyrir Suðurrhálandið.

Sveitarstjórn skipar eftirtalda aðila sem aðalmenn í starfshóp um svæðisskipulagsvinnuna: Ása Valdís Árnadóttir og Björn Kristinn Pálmarsson og til vara Smári Bergmann Kolbeinsson og Bjarni Þorkelsson.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að ráðgjafar EFLU leiði vinnu við gerð svæðisskipulagsins og fyrirliggjandi tillögu að kostnaðarskiptingu verkefnisins.



Austurvegur 31b, 800 Selfoss



**Tökum að
okkur STÓR og
smá verk:**

**jarðvinnu - tætingu -
snjómokstur -
bílaflutninga,
jarðheflun &
fólksflutninga.**

Feðgaverk

Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com



Opnunartími:

Mánudaga:	09:30-17:30
Þriðjudaga:	09:30-17:30
Miðvikudaga:	09:30-17:30
Fimmtudaga:	09:30-17:30
Föstudaga:	09:30-17:30
Laugardaga:	11:00 -17:30
Sunnudaga:	12:00 -16:00

Tilboð eru auglýst á facebooksíðu
verslunarinnar

www.facebook.com/VersluninMinniBorg

Sími: 551-7509

Hlökkum til að sjá ykkur kæru viðskiptavinir.

Áramótapistill frá Kvenfélagi Grímsneshrepps

Gleðilegt ár kæru sveitungar og kærar þakkir fyrir stuðninginn á liðnum árum. Árið 2020 lét okkur aldeilis hafa fyrir lífinu og verkefnum. Árið hófst með birtu og eftirvæntingu, formaðurinn, Laufey Guðmundsdóttir, fór ásamt Forseta Kvenfélagsambandsins, Guðrúnu Þórðardóttur (og félagskonu Kvenfélags Grímsneshrepps), og stjórn KÍ í heimsókn á Bessastaði 1. febrúar á degi kvenfélagskvenna. Þar var Guðna Th. Jóhannessyni fært eintak af 100 ára sögu félagsins „Kvennanna kjarkur og þor“ en titillinn sem valinn var á bókina okkar nýttum við okkur sem innblástur inn í áskoranir ársins 2020. Að leiða hugann 100 ár aftur í tímann og ímynda sér hvernig þessir frumkvöðlar félagsins tókust á við fjölbreyttar áskoranir hjálpaði okkur að gefast ekki upp heldur halda áfram þrátt fyrir takmarkanir ársins.

Á heildina litið var árið 2020 árangursríkt ár í starfi kvenfélagsins. Við náðum að halda alla okkar föstu fundi nema jólafundinn þar sem aðalfundurinn var haldinn í febrúar áður en veiran fór á flug í samfélaginu. Þegar fyrsta bylgjan leið undir lok opnaðist góður gluggi til að halda okkar vanalega vörfund og hefja undirbúning á Grímsævintýrum. Við fórum fljótlega að skoða leiðir til að halda okkar árlegu Grímsævintýri og Tombóluna sem hefur verið haldin árlega frá 1926. Skiptar skoðanir voru innan félagsins hvort við ættum yfir höfuð að standa í þessum undirbúningi en ákveðið var að halda í kjarkinn og þor og halda áfram ótrauðar í að skipuleggja hátíðina en þó með einhverju breyttu skipulagi. Við fórum marga hringi og ræddum við fulltrúa sveitarfélagsins og Tintron, við viljum þakka kærlega fyrir þann stuðning og aðstoð sem við fengum þaðan og sérstaklega viljum við þakka útsjónarsemi Ingibjargar sveitarstjóra hvernig við gætum leyst Tombóluna þrátt fyrir 500 manna fjöldatakmörkun. En þegar ljóst var að fjöldatakmörkanir voru færðar niður fyrir verslunarmannahelgi var okkur ljóst að búið var að slá öll okkar vopn úr höndum okkar og ákveðið var að slá Grímsævintýrin og Tombóluna formlega af. En þessi vinna var aldeilis ekki til einskis, það að fara svona yfir alla kosti og galla, lausnir og

Ómöguleg heit hefur gefið okkur góðan grunn í stefnu hátíðarinnar til næstu ára.

Þar liggur helst fyrir að fara þarf í að vinna að öryggisáætlun og skoða hvernig best er að stýra bílum og flæði fólks á svæðinu. Einnig að skoða hvað við getum og ekki síst hvað við viljum taka á móti mörgum á þessum stutta tíma sem hátíðin er. Stóra niðurstaðan er að Grímsævintýrin á Borg er lítil sveitahátíð sem er að mestu byggð á staðbundnum þáttum eins og þeirri löngu sögu sem Tombólan hefur lifað, vinnuframlagi frá kvenfélagskonum og fjölskyldum þeirra með stuðningi frá sveitarfélaginu og öðrum félagasamtökum í sveitarfélaginu. Grímsævintýri er hátíð fyrir alla aldurshópa með áherslu á fría afþreyingu fyrir börnin.

Kvöddum árið með því að þakka félagskonum fyrir, þrátt fyrir allt gott ár með kerti og spilum.

Kær kveðja,

Laufey Guðmundsdóttir
Formaður Kvenfélags Grímsneshrepps



Kvenfélag Grímsneshrepps



GRENNÐARSTÖÐVAR

Í GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPI



Á grenndarstöðvunum má losa sig við plast, pappa, lífrænan úrgang, málma, gler, almennan úrgang og skilagjaldsskyldar umbúðir. Grenndarstöðvarnar eru opnar allan sólarhringinn.

Leiðbeiningar um flokkun á lífrænu

Allur lífrænn úrgangur fer í tunnuna með brúna lokinu, úrgangurinn fer svo í jarðgerð og verður loks að moldu. Gott er að safna efninu í sérstaka poka úr pappír eða maíspoka sem jarðgerast með efninu. Venjulega plastpoka má alls ekki nota.

Athugið að binda vel fyrir pokana áður en þeir eru settir í söfnunartunnuna.

Brúntunna

Lífrænt
Organic



Pumalputtareglan

er sú að ef þú getur borðað það en vilt það ekki þá fer það í brúntunnuna.


Hvað má fara í tunnuna?

Ávextir og ávaxtahýði	Fruits and peel
Grænmeti og grænmetishýði	Vegetables and peel
Egg og eggjaskurn	Eggs and eggshells
Eldaðir kjöt- og fiskafgangar	Cooked meat and fish leftovers
Mjöl	Grain
Hrísgrjón og pasta	Rice and pasta
Brauð og kökur	Bread and cookies
Kaffikorgur, kaffipokar og tepokar	Coffee grounds and bags and tea bags
Notuð eldhúsbref	Used kitchen rolls
Afskorin blóm og plöntur	Cut flowers and plants

Grenndarstöðvar eru við Vaðnesveg, Ásgarð, Úlfjótuvatn, Hraunborgir og Seyðishóla. Gámastöð er við Seyðishóla. Sjá opnunartíma á www.gogg.is.



Grímsnes- og Grafningshreppur




Fjölskyldan á Stangarlæk 1 sendir sínar bestu óskir um gleðilegt nýtt ár og þakkir fyrir ánægjulegar samverustundir á liðnum árum.




TRAUSTI
HESTAMANNAFÉLAG

stofnað 1960



Hestamannafélagið Trausti sendir félagsmönnum og öðrum sínar bestu kveðjur um gleðileg jól og farsæld á komandi ári.



Saumakompan

TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALDAN SAUMASKAP

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Grímsnes- og Grafningshreppur

vellíðan fyrir alla


Styrktarþjálfun í vatni

Þó að líkamsræktaraðstaðan sé lokuð á Borg þá má í staðinn nota mótstöðuna í vatni til að viðhalda og styrkja líkamann. Að gera styrktaræfingar í sundlauginni gefur stuðning fyrir þá sem þurfa það en einnig er auðvelt að stýra álaginu. Það er hægt að gera æfingarnar eins erfiðar og þú vilt, en aðal atriðið er þó að byrja.


Á vegum Heilsueflandi samfélags er nú búið að koma fyrir spjaldi í sundlauginni á Borg. Þar má finna 10 einfaldar æfingar sem má gera einu sinni með 10-15 endurtekningum. Ef þú vilt eitthvað meira þá er bara að gera hverja æfingu 2x með smá hvíld á milli. Mótstöðuna og þá álaginu í æfingunum má auka með því að opna lófanna og auka hraðan. Á fésbókarhópnum: Heilsueflandi Uppsveitir er að finna myndband sem sýnir allar æfingarnar.

Ætlar þú að styrkja þig?

Almennar þol og þrekæfingar. Þessar 10 æfingar eru á spjöldum sem verða við sundlaugarbakkann á öllum sundstöðum í uppsveitum Árnessýslu. Spjaldið má fara í vatnið. Gerið hverja æfingu 1-2x með 10-15 endurtekningum. Mótstaðan eykst ef æfingar eru gerðar hraðar og með opnum lófum eða réttum örmum/fótum. Til samans 10 æfingar, sjá líka á bakhliðinni.




1. Ganga rösklega eða skokka í axlar djúpu vatni: 4x 10 metra




2. Ganga rösklega hliðar: 4x 5 metra
Má nota arma til að hjálpa til



3. Armsveifla: lófinn býr til mótstöðu, aukinn hraði gefur meiri mótstöðu.



4. Ýta vatni niður, skera vatnið á leið upp. Hraði = mótstaða.



5. Haldið beinum örmum saman og sveiflið þeim til hliðanna, axlir með en mjaðmir snúa fram.



Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladað – Annan í jólum og Gamlársdag.

OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN

Heilsugæslan í Laugarási

Sími stöðvarinnar er 432 2770

Aðalnúmer HSU er 432 2000

Sími Neyðarlínu er 112

Lyfjaendurnýjun er hjá læknaritum kl. 8:00—9:00


í síma 432 2020



Grenndarstöðvar

Gámastöð

Grímsnes- og Grafningshreppur



Íþróttamiðstöðin Borg Vetraropnun

Mánudaga - fimmtudaga kl. 14-22

Föstudaga **LOKAÐ**

Laugardaga – Sunnudaga kl. 10 -18

Hætt er að hleypa ofan í laugina
20 mínútum fyrir lokun.



Heimasíða: www.gogg.is

Netfang: sundlaug@gogg.is

Sími 480 - 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.

Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.

Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is